

FLOKKUNAR- OG ENDURVINNSLUSTÖÐ SEYRU Á SIGLUFIRÐI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að flokkunar- og endurvinnslustöð Seyru ehf. á Siglufirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og byggingarleyfi Fjallabyggðar skv. 43. gr. laganna. Þá eru framkvæmdirnar háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lögum nr. 55/2003 og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. desember 2008.

29. október 2008

INNGANGUR

Þann 30. september 2008 tilkynnti Seyra ehf. flokkunar- og endurvinnslustöð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjallabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjallabyggð, með bréfi dags. 22. október 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvubréfi dags. 8. október 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. október 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að flokkunarstöðin muni taka við allt að 400 tonnum af heimilisúrgangi á ári, auk allt að 100 tonnum af flokkuðum pappírs-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum. Einnig er fyrirhugað að jarðgera allt að 200 tonn af lífrænum heimilisúrgangi auk stoðefna sem eru timbur og garðaúrgangur. Fram kemur að öll starfsemi fari fram innandyra í um 400 m² húsnæði að Vetrarbraut 21-23 á Siglufirði. Við húsið sé um 50 m hár skorsteinn sem verði notaður fyrir útloftun frá flokkunarstöðinni til að minnka líkur á að lykt berist frá henni. Að loknum vinnudegi verði búið að koma öllum lífrænum úrgangi, sem borist hafi til jarðgerðar, í vinnslu í sérstakri jarðgerðarvél. Gert sé ráð fyrir að koma megi fyrir síunarbúnaði við vélina til að koma í veg fyrir að ólykt berist frá starfseminni út í andrúmsloftið, annað hvort með síun gegnum tréflís eða með ósoni. Fram kemur að öll vinnsla moltu og þroskun muni fara fram inni í húsnæðinu en gert sé ráð fyrir að umfang moltu verði u.þ.b. helmingur af þeim lífræna úrgangi sem fari í jarðgerðina. Fram kemur að allar afurðir jarðgerðarinnar sem og úrgangur verði geymdar innandyra eða í lokuðum ílátum á lóð fyrirtækisins þannig að ekki berist ólykt til nágretta eða meindýr komist að. Baggaður, óendurvinnanlegur úrgangur verði fluttur a.m.k. vikulega en oftast fimm sinnum í viku til urðunar í Skagafirði en stefnt sé að því að slíkur úrgangur verði sendur erlendis með skipum.

Fram kemur að einu fyrirsjáanlegu óæskilegu áhrif á umhverfið vegna fyrirhugaðrar starfsemi sé minni háttar aukning umferðar og hugsanleg lyktarmengun. Lögð verði mikil áhersla á að ólykt verði ekki til óþæginda og verði fylgst náið með því hvort ólykt berist frá starfseminni og brugðist við á viðeigandi hátt ef þarf, til dæmis með aukinni síun á útloftun eða breyttri samsetningu stoðefna.

Fram kemur að tilgangur með starfseminni sé að vinna í samræmi við stefnu stjórnvalda að nýtingu úrgangs með endurnýtingu og endurvinnslu svo sem jarðgerð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Fjallabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða flokkunarstöð fyrir heimilisúrgang og pappírs-, pappa- og plastúrgang frá fyrirtækjum og jarðgerð lífræns heimilisúrgangs auk stoðefna. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að öll starfsemi, bæði flokkun úrgangs og vinnsla moltu, fer fram innan dyra og að lögð verður áhersla á, í samræmi við ákvæði starfsleyfis, að aðstaða og hreinsunarbúnaður verði með þeim hætti að ekki berist ólykt frá starfseminni út í umhverfið. Skipulagsstofnun telur að ekki sé líklegt að fyrirhuguð starfsemi komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif m.t.t. lyktarmengunar. Þá telur stofnunin að ekki sé líklegt að starfsemin komi til með að valda miklu ónæði, s.s. vegna aukinnar umferðar, miðað við núverandi aðstæður.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Seyru ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að flokkunar- og endurvinnslustöð Seyru ehf. á Siglufirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og byggingarleyfi Fjallabyggðar skv. 43. gr. laganna. Þá eru framkvæmdirnar háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lögum nr. 55/2003 og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. desember 2008.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

